


VMST-N/0405

**Rannsóknir á seiðastofnum
í Laxá á Ásum árið 2004**

Eik Elfarsdóttir og Bjarni Jónsson

Skagafirði

September 2004



Veiðimálastofnun
Institute of Freshwater Fisheries

Inngangur og aðferðir

Seiðastofnar Laxár á Ásum voru rannsakaðir með rafveiðum í byrjun september 2004. Markmið þeirra rannsókna var að fá yfirlit yfir árgangastyrkleika og útbreiðslu laxa-, bleikju- og urriðaseiða sem og afkomu þeirra og vöxt í ánni. Á grundvelli þessara upplýsinga er lagt mat á heildarástand fiskistofna í ánni.

Rafveitt var á sjö stöðum í ánni, þeim sömu og undanfarin ár. Veitt var á nýjum stað, nokkuð neðan við Langhyl (staður 4b), sumrin 2002 og 2003, þar var einnig veitt nú. Stærð rafveiðistaða var á bilinu 259 – 528 m² (töflur 1 og 2), var veitt minna svæði þar sem meira virtist af seiðum eða að aðstæður í ánni leyfðu ekki stærra veiðisvæði. Veidd var ein umferð á hverjum stað. Rafveiðistaðir eru valdir með það fyrir augum að fá sem heildstæðasta mynd af seiðabúskap vatnasvæðisins. Því er veitt sem víðast á vatnasvæðinu og rafveiðum valdir staðir eins og kostur er á stöðum sem einkennandi eru fyrir einstaka árkafli.

Öll veidd seiði voru lengdarmæld og vigtuð áður en þeim var sleppt aftur í ána. Þéttleiki seiða var reiknaður út frá fjölda þeirra í hverjum árgangi á hverri stöð þar sem stærð veiðisvæðis er þekkt, gefur þetta aðeins seiðavísitölu en ekki heildarfjölda seiða: $\text{þéttleiki} = (\text{fjöldi seiða} / \text{stærð veiðisvæðis m}^2) * 100 \text{m}^2$ (töflur 1 og 2).

Meðallengd og þyngd allra laxaseiðaárganga á hverri stöð var reiknuð ásamt staðalfráviki (töflur 3 og 4).

Reiknaður var út ástandsstuðull seiðanna en stuðullinn er reiknaður út frá lengd og þyngd hvers seiðis og segir til um holdafar þess: $\text{ástandsstuðull} = (\text{þyngd (gr)} / \text{lengd}^3 \text{ (cm)}) * 100$. Ástandsstuðull var reiknaður fyrir öll laxaseiði og tekið meðaltal fyrir hverja stöð og hvern árgang á henni (tafla 5). Einnig var reiknaður ástandsstuðull urriða fyrir ána í heild (tafla 6).

Vísitala lífþyngdar var reiknuð fyrir alla árganga laxaseiða á hverri stöð út frá meðalþyngd hvers árgangs á hverri stöð og þéttleika sama árgangs á sama stað: $\text{lífþyngd á } 100 \text{m}^2 = \text{meðalþyngd (gr)} * \text{þéttleiki á } 100 \text{m}^2$ (tafla 7). Lífþyngd var líka

reiknuð fyrir árganga urriða- og bleikjuseiða í ánni í heild og gögn tekin saman fyrir árin 2001 – 2004 (töflur 8-10).

Meðallengd, meðalþyngd, ástandsstuðull og lífþyngd urriða var reiknað í heild fyrir ána en ekki fyrir hverja stöð (töflur 6, 10, 18 og 19).

Teknar voru saman meðallengdir, þyngd, þéttleiki, lífþyngd og ástandsstuðlar seiðaárganga árin 2001-2004 (töflur 8-22).

Niðurstöður rafveiða

Efsti staðurinn sem veitt var á í Laxá á Ásum var rétt neðan Laxárvatnsstíflu eins og undanfarin ár (staður 4, mynd 1). Ekki veiddust þar vorgömul laxaseiði (0+) þetta árið og frekar lítið af eins (1+) og þriggja ára (3+) seiðum. Töluvert var hinsvegar af tveggja ára seiðum (2+) (tafla 1, mynd 2a) en sá árgangur var sterkur í fyrra, þá eins árs seiði (Eik Elfarsdóttir og Bjarni Jónsson, VMST-N/0309). Nokkuð var um eins árs urriðaseiði neðan stíflunnar og einnig veiddist þriggja ára urriði (tafla 2, mynd 3). Engin bleikjuseiði veiddust í Laxá í rafveiðunum haustið 2004.

Rafveitt var í þriðja sinn neðan Langhyls (staður 4b, mynd 1), þar var töluvert af vorgömlum laxaseiðum eins og 2003 en mun meira af eins og tveggja ára seiðum en áður (tafla 1, mynd 2a). Vottur fannst af bæði vorgömlum og tveggja ára urriðaseiðum (tafla 2, mynd 3) en urriðaseiði hafa ekki veiðst á þessum stað áður (Bjarni Jónsson og Eik Elfarsdóttir, VMST-N/0217, Eik Elfarsdóttir og Bjarni Jónsson, VMST-N/0309).

Á brotakafla rétt ofan rafveituskurðarins er rafveiðistaður 6 (mynd 1) og veiddist þar töluvert mikið af vorgömlum, eins árs og tveggja ára laxaseiðum en mest var af þeim eins árs (tafla 1, mynd 2a). Þéttleiki urriðaseiða var ekki eins mikill þarna og sumarið áður en þó veiddust þrjú árgangar, vorgömul, eins árs og tveggja ára seiði (tafla 2, mynd 3).

Rafveiðistaður 8 er í rafveituskurðinum (mynd 1). Mikið veiddist þar af vorgömlum laxaseiðum en lítið bæði af eins og tveggja ára seiðum (tafla 1, mynd 2a). Sumarið 2003 var mest af eins árs seiðum í skurðinum en einnig nokkuð af vorgömlum seiðum

(Eik Elfarsdóttir og Bjarni Jónsson, VMST-N/0309). Ekki veiddust nein urriðaseiði í rafveituskurðinum þetta árið (tafla 2).

Nokkru ofan Svartabakka (staður 9, mynd 1) fundust vorgömul og eins árs laxaseiði í nokkuð miklum þéttleika auk þess sem vart varð tveggja ára seiða (tafla 1, mynd 2b). Sumarið áður voru vorgömul seiði í aðeins meiri þéttleika en nú en minna af eins ár seiðum. Urriðaseiði sáust ekki á þessum stað í rafveiðum 2004.

Veitt var rétt ofan brúar á Þjóðvegi 1 (staður 11, mynd 1). Þéttleiki bæði vorgamalla og eins árs laxaseiða var mikill, nokkuð var um tveggja ára seiði auk þess sem eitt 4 ára seiði veiddist (tafla 1, mynd 2b). Sumarið 2003 var töluvert um vorgömul seiði á þessum stað en mun minna af eins árs seiðum. Aðeins eitt urriðaseiði fannst og var það tveggja ára (tafla 2, mynd 3)

Rafveiðistaður 12 er neðsti staður sem veitt er á í Laxá á Ásum, hann er neðan Húnastrengja en nokkuð ofan við ósa árinna (mynd 1). Þarna veiddust þrír árgangar laxaseiða, vorgömul, eins- og tveggja ára (tafla 1, mynd 2b). Mest var af vorgömlum seiðum og var þéttleiki þeirra svipaður og í rafveiðunum 2003. Sumarið 2004 fannst nokkuð meira af eins árs seiðum á þessum stað en síðustu ár.

Seiðin sem veiddust í rafveiðunum 2004 voru lengdarmæld og vigtuð eins og síðustu ár, það gefur m.a. möguleika á að reikna út ástandsstuðla seiðanna sem gefa gleggri mynd af ástandi seiðastofnanna en lengdardreifingarnar einar og sér. Ástandsstuðlar flestra árganga laxaseiða í Laxá á Ásum voru rétt um 1 sumarið 2004 sem er í meðallagi, en seiðin í rafveituskurðinum virðast dafna einna best (tafla 5). Ástandsstuðlarnir voru aðeins lægri nú en sumarið 2003 en þó mun hærra en 2002 (tafla 20). Meðallengd og þyngd seiða er nokkuð breytileg milli stöðva en einnig milli ára, seiðin nú virðast nokkuð í meðallagi hvað það varðar (töflur 3-4 og 14-15).

Urriðaseiðin í Laxá á Ásum 2004 voru nokkuð minni og léttari en síðustu ár (töflur 18-19) en holdafar þeirra var þó ekki mikið lakara skv. ástandsstuðlum (tafla 21).

Vísitala lífþyngdar var reiknuð eins og síðustu ár, út frá þyngd og þéttleika seiða (töflur 7-10). Lífþyngd reyndist vera mest á þremur efstu stöðvunum í ánni (tafla 7), þar var mestur þéttleiki tveggja ára seiða í ánni en þau eru mun þyngri en yngri seiðin

og veða því mun meira þegar kemur að því að reikna lífþyngdina. Mikill þéttleiki eins árs seiða á stað 4b hafði þó líka mikið að segja og var lífþyngd þar mest. Lífþyngd var minnst á stað 12, neðst í ánni en þar veiddust aðallega vorgömul seiði (tafla 7).

Á heildina litið var lífþyngd úr rafveiðum 2004 nokkuð meiri en undanfarin tvö ár og virðast þrjú yngstu árgangarnir mun sterkari en síðustu ár (tafla 8).

Lífþyngd og þéttleiki urriðaseiða var nokkuð minni 2004 en 2003 en þó meiri en árin þar á undan (töflur 10 og 13). Eins og áður sagði veiddist ekkert bleikjuseiði í Laxá á Ásum í rafveiðum 2004.

Umræður

Rannsóknir á seiðastofnum Laxár á Ásum 2004 benda til þess að sú jákvæða þróun sem verið hefur í gangi í ánni síðustu tvö árin haldi áfram. Laxaseiðastofnar árinna fóru í töluverða lægð en virðast vera að rétta út kútnum aftur þrátt fyrir að laxgengd hafi ekki verið eins mikil og oft áður í ánni. Breytt veiðifyrirkomulag stuðlar greinilega að því að meira er eftir af hrygningarfiski en ella. Klak úr hrygningu haustið 2003 virðist hafa tekist nokkuð vel eins og 2002 og fannst mun meiri þéttleiki bæði vorgamalla og eins árs laxaseiða í ánni sumarið 2004 en hefur sést í nokkur ár. Báðir árgangarnir virðast vera nokkuð vel dreifðir um ána og veiddust vorgömul seiði á öllum stöðvum nema þeirri efstu en eins- og tveggja ára seiði veiddust á öllum stöðvum. Þéttleiki tveggja ára seiða var mestur í efsta hluta árinna. Meira virðist hafa gengið til sjávar af tveggja ára seiðum vorið 2004 en búist hafði verið við enda tíðarfar gott um vorið. Árgangur þriggja ára seiða var frekar lítill í ánni í vor samkvæmt rafveiðum 2003, þá tveggja ára, en gekk nánast allur til sjávar. Ganga seiða úr Laxá á Ásum hefur þó ekki verið nema í meðallagi vorið 2004 sem fer saman við fyrri spár. Betur lítur út með göngu úr ánni vorið 2005 en þeir laxar munu þó ekki skila sér í veiði fyrr en 2006-2007.

Meira virðist hafa verið af laxi í Laxá sumarið 2004 en 2003 og líklegt að þeir laxar skili sér einnig vel í hrygningu nú í haust líkt og laxar í ánni hafa gert síðastliðin tvö ár. Þeir árgangar laxaseiða sem nú eru í ánni eru þeir sterkustu sem hafa sést í nokkur ár og eru vel dreifðir um ánni. Þetta gerist þrátt fyrir að heimtur laxa úr hafi ekki verið sem skyldi síðustu ár. Það er um mjög jákvæðan viðsnúning að ræða hjá laxastofnum árinna. Sumarið 2004 veiddust 466 laxar í Laxá samkvæmt

veiðibókum. Það er talsvert meira en síðastliðið sumar, þó vissulega vildu menn sjá enn hærri tölur. Veiðifyrirkomulag í Laxá er nú mjög ólíkt því sem verið hafði til margra ára í ánni. Nú er einungis veitt frá 15. júní út ágúst mánuð en áður var yfirleitt veitt frá 1. júní og fram í september ár hvert. Breytingar á leyfilegu veiðiagni og skemmra veiðitímabil hafa dregið verulega úr veiðisókn í ánni og einnig breytt því hvernig einstakir veiðistaðir virka. Gera má ráð fyrir því að dreifing veiði á milli staða í ánni muni einnig verða önnur með tilkomu á nýju veiðifyrirkomulagi. Áhrif á samsetningu seiðastofna kunna einnig að verða umtalsverð vegna meiri hrygingar í ánni. Þegar má merkja breytingar á samsetningu seiðastofna og dreifingu árganga um ána. Síðustu tveir árgangar eru stærri og betur dreifðir um ána en verið hefur um alllangan tíma. Það verður athyglivert að fylgjast með því hvernig framvindan verður í þessu samspili veiðifyrirkomulags og nýliðunar laxastofna í Laxá. Hingað til virðist um mjög jákvæða þróun að ræða.

Tafla 1: Þéttleiki veiddra laxaseiða eftir aldri og uppruna á hverja 100m² á rafveiðistöðum í Laxá á Ásum í september 2004.

Staður nr.	Stærð svæðis (m)	Aldur				
		0+	1+	2+	3+	4+
Staður 4	272		1,84	6,25	0,74	
Staður 4b	306	9,15	26,47	3,92		
Staður 6	396	7,58	14,14	4,04		
Staður 8	259	15,44	0,77	1,16		
Staður 9	432	7,41	7,41	0,46		
Staður 11	528	12,69	11,17	1,14		0,19
Staður 12	418	9,09	3,11	0,72		

Tafla 2: Þéttleiki veiddra urriðaseiða eftir aldri og uppruna á hverja 100m² á rafveiðistöðum í Laxá á Ásum í september 2004.

Staður nr.	Stærð svæðis (m)	Aldur			
		0+	1+	2+	3+
Staður 4	272		4,04		0,37
Staður 4b	306	0,33		0,33	
Staður 6	396	2,02	0,51	0,51	
Staður 8	259				
Staður 9	432				
Staður 11	528			0,19	
Staður 12	418	0,24	1,20		

Tafla 3: Meðallengd, staðalfrávik og fjöldi laxaseiða af hverjum árgangi á hverri stöð í Laxá á Ásum í rafveiðum 2004.

Staður nr.	0+			1+			2+			3+			4+		
	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða
4				8,4	1,23	5	11,3	0,75	17	12,8		2			
4b	4,5	0,44	28	7,6	0,61	81	10,0	0,64	12						
6	4,9	0,48	30	7,4	0,69	56	10,5	0,72	16						
8	5,4	0,46	40	7,9		2	11,6	0,74	3						
9	4,3	0,41	32	7,3	0,76	32	11,1		2						
11	4,8	0,41	67	7,5	0,61	59	10,0	0,41	6				18,7		1
12	4,9	0,28	38	7,3	0,89	13	11,2	1,01	3						
Samt.	4,8	0,53	235	7,5	0,70	248	10,7	0,87	59	12,8		2	18,7		1

Tafla 4: Meðalþyngd, staðalfrávik og fjöldi laxaseiða af hverjum árgangi á hverri stöð í Laxá á Ásum í rafveiðum 2004.

Staður nr.	0+			1+			2+			3+			4+		
	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða
4				6,6	2,95	5	14,7	2,81	17	22,6		2			
4b	0,9	0,31	28	4,5	1,19	81	10,5	2,84	12						
6	1,2	0,40	30	3,9	1,11	56	11,8	2,79	16						
8	1,6	0,40	40	5,3		2	17,1	3,74	3						
9	0,8	0,25	32	3,9	1,27	32	12,5		2						
11	1,1	0,30	67	4,3	1,10	59	10,2	1,80	6				62,8		1
12	1,2	0,23	38	4,1	1,47	13	15,2	4,07	3						
Samt.	1,1	0,41	235	4,3	1,29	248	12,6	3,39	59	22,6		2	62,8		1

Tafla 7: Vísitala lífþyngdar (gr) laxaseiða á hverjum 100m² eftir aldri og rafveiðistöðvum. Lífþyngd er reiknuð út frá meðalþyngd hvers árgangs og þéttleikamati.

Staður nr.	Vísitala lífþyngdar (gr/100m ²)					Samtals
	0+	1+	2+	3+	4+	
4		12,2	91,7	16,6		120,5
4b	8,6	118,8	41,0			168,3
6	8,7	55,5	47,5			111,7
8	25,0	4,1	19,8			48,9
9	5,6	29,0	5,8			40,3
11	14,4	48,3	11,6		11,9	86,2
12	10,7	12,7	10,9			34,3

Tafla 8: Vísitala lífþyngdar (gr) laxaseiða á hverjum 100m² eftir aldri árin 2001-2004.

	Vísitala lífþyngdar (gr/100m ²)						Samtals
	0+	1+	2+	3+	4+	5+	
2001	14,37	22,07	76,38	3,38	7,12		123,32
2002	0,74	4,31	10,69		17,39	7,19	40,32
2003	8,89	29,09	18,56	17,06			73,59
2004	10,42	40,07	32,61	2,37	1,70		87,17

Tafla 9: Vísitala lífþyngdar (gr) bleikjuseiða á hverjum 100m² eftir aldri árin 2001-2004.

	Vísitala lífþyngdar (gr/100m ²)						Samtals
	0+	1+	2+	3+	4+	5+	
2001		0,27					0,27
2002	0,23				0,79		1,03
2003	0,08						0,08
2004							0,00

Tafla 10: Vísitala lífþyngdar (gr) urriðaseiða á hverjum 100m² eftir aldri árin 2001-2004.

	Vísitala lífþyngdar (gr/100m ²)						Samtals
	0+	1+	2+	3+	4+	5+	
2001	1,21	0,63					1,83
2002	0,82	2,49	3,94				7,26
2003	1,91	5,36	2,02	2,37			11,66
2004	1,31	2,82	2,98	2,37			9,49

Tafla 11: Heildarþéttleiki allra árganga laxaseiða í rafveiðum í Laxá á Ásum 2000-2004.

Ár	Fjöldi veiðistaða	Stærð veiðistaða (m ²)	0+	1+	2+	3+	4+	5+	Heildarþéttleiki
2000	6	2530	1,82	3,24	2,53	0,28			7,87
2001	6	2540	4,06	4,45	2,80	0,12	0,04		11,46
2002	7	2167	2,26	4,38	3,32	0,60		0,05	10,61
2003	7	2625	8,11	6,10	1,03	0,04			15,28
2004	7	2611	9,00	9,50	2,26	0,08	0,04		20,87

Tafla 12: Heildarþéttleiki allra árganga bleikjuseiða í rafveiðum í Laxá á Ásum 2000-2004.

Ár	Fjöldi veiðistaða	Stærð veiðistaða (m ²)	0+	1+	2+	3+	4+	5+	Heildarþéttleiki
2000	6	2530	0,08	0,12					0,20
2001	6	2540	0,08	0,04					0,12
2002	7	2167	0,09				0,05		0,14
2003	7	2625	0,04						0,04
2004	7	2611							0,00

Tafla 13: Heildarþéttleiki allra árganga urriðaseiða í rafveiðum í Laxá á Ásum 2000-2004.

Ár	Fjöldi veiðistaða	Stærð veiðistaða (m ²)	0+	1+	2+	3+	4+	5+	Heildarþéttleiki
2000	6	2530	0,08	0,16	0,12	0,08			0,44
2001	6	2540	0,35	0,04					0,39
2002	7	2167	0,18	0,18	0,28				0,65
2003	7	2625	1,26	0,99	0,11	0,04			2,40
2004	7	2611	0,38	0,69	0,04				1,26

Tafla 14: Meðallengd, staðalfrávik og fjöldi allra árganga laxaseiða í Laxá á Asum í rafveiðum 2001-2004.

Ár	0+			1+			2+			3+			4+/5+		
	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða
2001	4,7	0,51	98	7,2	1,16	115	10,6	1,10	74	13,2	0,90	3	16,1*		1
2002	5,2	0,46	49	8,5	0,61	95	10,9	0,88	71	13,0	0,58	14	17,6**		1
2003	4,6	0,61	213	7,3	0,92	160	10,8	0,91	27	13,3		1			1
2004	4,8	0,53	235	7,5	0,70	248	10,7	0,87	59	12,8		2	18,7*		1

* 4+ seiði

** 5+ seiði

Tafla 15: Meðalþyngd, staðalfrávik og fjöldi allra árganga laxaseiða í Laxá á Asum í rafveiðum 2001-2004.

Ár	0+			1+			2+			3+			4+/5+		
	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða
2001	1,4	0,37	19	4,8	1,68	92	13,7	4,54	74	25,7	4,11	3	53,4*		1
2002	1,1	0,23	49	4,7	1,44	95	10,9	2,75	71	21,1	4,67	14	50,3**		1
2003	1,1	0,63	204	4,3	1,74	160	13,8	3,87	27	30,7		1			1
2004	1,1	0,41	235	4,3	1,29	248	12,6	3,39	59	22,6		2	62,8*		1

* 4+ seiði

** 5+ seiði

Tafla 16: Meðallengd, staðalfrávik og fjöldi allra árganga bleikjuseiða í Laxá á Ásum í rafveiðum 2001-2004.

	0+		1+		4+	
	Meðal- lengd	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd	Staðal- frávik	Fjöldi seiða
2001	6,60	0,14	2	10,10		1
2002	6,90	0,28	2			1
2003	6,20		1		15,00	
2004						

Tafla 17: Meðalþyngd, staðalfrávik og fjöldi allra árganga bleikjuseiða í Laxá á Ásum í rafveiðum 2001-2004.

	0+		1+		4+	
	Meðal- þyngd	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd	Staðal- frávik	Fjöldi seiða
2001				9,00		1
2002	2,15	1,20	2		23,30	1
2003	2,00		1			
2004						

Tafla 18: Meðallengd, staðalfrávik og fjöldi allra árganga urriðaseiða í Laxá á Ásum í rafveiðum 2001-2004.

	0+			1+			2+			3+		
	Meðal- lengd	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd	Staðal- frávik	Fjöldi seiða
2001	6,19	0,24	9	9,90		1						
2002	6,48	0,70	4	10,53	0,50	4	11,95	0,69	6			
2003	5,61	0,52	33	7,68	0,72	26	10,63	1,00	3	13,80		1
2004	5,28	0,65	10	7,03	0,80	18	10,45	0,61	4	13,00		1

Tafla 19: Meðalþyngd, staðalfrávik og fjöldi allra árganga urriðaseiða í Laxá á Ásum í rafveiðum 2001-2004.

	0+			1+			2+			3+		
	Meðal- þyngd	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd	Staðal- frávik	Fjöldi seiða
2001	2,68	0,33	8	10,50		1						
2002	2,43	0,62	4	11,85	4,05	4	14,58	3,97	6			
2003	1,92	0,60	33	5,15	1,67	26	13,53	3,59	3	29,90		1
2004	1,52	0,57	10	3,82	1,25	18	12,33	2,15	4	23,90		1

Tafla 20: Meðalástandsstuðull og staðalfrávik ástandsstuðulsins fyrir laxaseiði sem veiddust í Laxá á Ásum 2001 - 2004 eftir aldri seiðanna.


Ár	0+			1+			2+			3+			4+		
	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða
2001	1,12	0,17	19	1,05	0,06	92	1,10	0,12	74	1,13	0,12	3	1,28		1
2002	0,78	0,21	49	0,76	0,15	95	0,83	0,12	71	0,97	0,22	14	0,92		1
2003	1,02	0,48	204	1,04	0,07	160	1,06	0,09	27	1,30		1			
2004	0,97	0,09	235	0,99	0,06	248	1,01	0,06	59	1,09	0,06	2	0,96		1

Tafla 21: Meðalástandsstuðull og staðalfrávik ástandsstuðulsins fyrir bleikjuseiði sem veiddust í Laxá á Ásum 2001 - 2004 eftir aldri seiðanna.





Ár	0+			1+			2+			3+			4+		
	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða
2001				0,87		1									
2002	0,64	0,29	2										0,69		1
2003	0,84		1												
2004															

Tafla 22: Meðalástandsstuðull og staðalfrávik ástandsstuðulsins fyrir urriðaseiði sem veiddust í Laxá á Ásum 2001 - 2004 eftir aldri seiðanna.




Ár	0+			1+			2+			3+			4+		
	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða
2001	1,10	0,04	8	1,08		1									
2002	0,92	0,29	4	0,99	0,19	4	0,84	0,08	6						
2003	1,06	0,17	33	1,10	0,12	26	1,11	0,00	3	1,14		1			
2004	0,99	0,05	10	1,08	0,12	18	1,07	0,12	4	1,09		1			








1: Rafveiðistaðir í Fremri Laxá og Laxá á Ásum.



Mynd 2a: Lengdar- og aldrisdreifing veiddra laxaseiða í Laxá á Ásum í september 2004.



Mynd 2b: Lengdar- og aldursdreifing veiddra laxaseiða í Laxá á Ásum í september 2004.



Mynd 3: Lengdar- og aldursdreifing veiddra urriðaseiða í Laxá á Ásum í september 2004.